

Heilbrigðisráðuneytið
b.t. Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. október 2019

Efni: Yfirlýsingar um tilefni til hertrar löggjafar um rafrettur

Til Félags atvinnurekenda hefur leitað hópur félagsmanna og farið þess á leit við félagið að það leiðrétti rangfærslur og árétti staðreyndir vegna yfirlýsinga og frásagna sem embætti landlæknis, heilbrigðisráðherra og fjölmiðlar hafa farið með á síðustu vikum er snúa að lungnasjúkdómafaraldri í Bandaríkjunum.

I

Þann 9. september síðastliðinn birtist tilkynning á heimasíðu landlæknis þar sem embættið tilkynnti að það fylgdist vel með faraldri alvarlegra lungnasjúkdóma í Bandaríkjunum sem virtist vera tengdur notkun rafrettna. Í tilkynningunni segir jafnframt að vísbendingar séu um að stór hluti þeirra sem hafa veikst, hafi notað rafrettuvökva sem innihélt vímuefnið THC eða CBC en sérstaklega er tekið fram í tilkynningunni að veikindin virðist ekki einungis bundin við slíka vökva.

Önnur tilkynning barst frá embætti landlæknis 20. september þar sem fjallað var um lungnasjúkdóm hjá íslenskum unglingi en grunur lék á að rekja mætti veikindin til rafrettna. Unglingurinn sem um ræðir er á batavegi en engar upplýsingar hafa borist frá landlækni um hvað hafi raunverulega hrjád drenginn, hvort það hafi verið hefðbundin lungnabólga sem er mjög algengur sjúkdómur eða eitthvað annað. Ekki hefur því verið fullyrt að veikindi drengsins megi rekja til rafrettna enda er lungnabólga veirusýking sem getur orsakast af mörgum ástæðum. Var að lokum tekið fram í tilkynningunni að orsök faraldursins í Bandaríkjunum væri enn á reiki en þó væri vitað að stór hluti þeirra sem hefði veikst hefði notað rafrettuvökva sem innihélt THC.

Í framhaldi af þessari tilkynningu landlæknis leitaði a.m.k. einn innflytjandi rafrettna og tengdra vara til embættisins og óskaði upplýsinga um hvaða rafrettuvökvi það væri sem grunur léki á að hefði valdið veikindum unglingsins, í því skyni að geta þegar í stað tekið hann úr sölu ef hann væri hluti af vöruframboði fyrirtækisins. Landlæknisembættið neitaði að veita þær upplýsingar.

Rannsókn bandaríska Lyfja- og matvælaeftirlitsins (e. U.S. Food and Drug Administration, hér eftir „FDA“) hefur leitt í ljós að orsök þessa dularfulla lungnasjúkdóms megi að öllum líkindum rekja til ólöglegra kannabisvökva sem seldir eru á svörtum markaði og án alls eftirlits. Langflestir, ef ekki allir, einstaklingarnir sem hafa greinst með lungnaveikindin hafa viðurkennt að hafa notað ólöglega THC-vökva. FDA gaf út tilkynningu þann 6. september 2019 þar sem almenningi var

ráðlagt að hætta að nota rafrettuvökva sem innihalda THC. Í tilkynningunni er rakið að flestir sjúklingarnir hafi notað rafrettuvökva sem innihéldu THC og voru blandaðir við e-vítamín olíu sem notuð er sem aukaefni (e. additive) í vökvunum. FDA ráðlagði almenningi að hætta að kaupa THC vökva á svörtum markaði enda geti almenningur ekki verið fullviss um hvað sé í þeim vökvum sem sæta engu eftirliti.¹

Rafrettuvökvar sem búnir eru til af einstaklingum í skipulagðri brotastarfsemi sæta engu eftirliti og enginn veit hvað er að finna í þeim vökvum. Á Íslandi er í gildi ýtarlegt regluverk þar sem rafrettur og vökvar þurfa að uppfylla ströng skilyrði svo heimilt sé að selja þá í verslunum. Íslenska regluverkið tekur að flestu leyti mið af löggjöf Evrópusambandsins, sem er umtalsvert strangari en t.d. í Bandaríkjunum.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur segir að einungis sé heimilt að selja einnota rafrettur, hylki eða áfyllingar fyrir rafrettur sem innihalda að hámarki 20 mg/ml af níkótínvökva. Sex mánuðum áður en markaðssetning á rafrettum eða vökvum sem innihalda níkótín er fyrirhuguð, skulu framleiðendur og innflytjendur senda tilkynningu til Neytendastofu. Ef slíkt hefur ekki verið gert er óheimilt að selja eða flytja inn slíkar vörur, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga um rafrettur. Þá getur Neytendastofa einnig krafist þess að framleiðendur og innflytjendur veiti upplýsingar um innihald vöru og leggi fram sýnishorn svo hægt sé að meta eiginleika og áhrif vörunnar, sbr. 1. mgr. 15. gr. laganna.

Ekkert af þessu eftirliti hefur farið fram þegar einstaklingar kaupa rafrettuvökva á svörtum markaði þar sem engin víska er fyrir því hvað sé í honum. Því væri réttast af yfirvöldum að brýna fyrir fólki að eiga einungis í viðskiptum við rafrettuverslanir sem eru eftirlitsskyldar og fara eftir gildandi lögum og reglum. Félagsmenn FA leggja ríka áherslu á að selja eingöngu vörur sem uppfylla CE-staðla og skilyrði laga og reglna. Áður en lög nr. 87/2018 tóku gildi höfðu sömu fyrirtæki að eigin frumkvæði framfylgt 18 ára aldurstakmarki við sölu rafrettna og tengdra vara og gera það að sjálfsgöðu áfram.

Talið er að um 43 milljónir manna um allan heim noti rafrettur að staðaldri en í þann rúma áratug sem rafrettur hafa verið notaðar hafa yfirvöld hvergi orðið vör við dauðsföll sem rekja má til notkunar þeirra þar til nú.² Það skýtur hins vegar skökku við að skella skuldinni á alla notkun rafrettna þegar einu tilfelli sem hafa komið upp í tengslum við hinn dularfulla lungnasjúkdómafaraldur eru staðbundin og einskorðast við Bandaríkin. Líkt og rannsókn FDA gefur til kynna eru miklar líkur á því að þeir einstaklingar, sem greinst hafa með lungnasjúkdóminn, hafi veikst vegna ólöglegra rafrettuvökva og því er nauðsynlegt að vara almenning við því að kaupa rafrettuvökva á svörtum markaði.

¹ <https://www.fda.gov/safety/medwatch-safety-alerts-human-medical-products/tetrahydrocannabinol-thc-containing-vaping-products-vaping-illnesses>

² <https://www.economist.com/leaders/2019/09/12/dont-panic-about-e-cigarettes>

II

Í fréttum Ríkisútvarpsins þann 21. september var fjallað um lungnasjúkdómafaraaldurinn í Bandaríkjunum. Þar sagði heilbrigðisráðherra m.a. í viðtali: „Ég hef óskað eftir úttekt embættis landlæknis á því sem þarna er á ferðinni og því sem er að gerast í löndunum í kringum okkur varðandi löggjöfina og framkvæmdina. Og ég ræddi reyndar við landlækni síðast í hádeginu í dag og hún telur að við þurfum að stíga fastar til jarðar, bæði varðandi regluverkið sem við erum með og ekki síður framkvæmdina á sölunni og eftirlitinu.“

Ennfremur sagði ráðherra: „Við erum með mjög nýlega löggjöf á Íslandi og henni var sérstaklega ætlað að passa upp á börn og ungmenni. En þarna erum við að sjá vísbendingar um að við þurfum að horfa ennþá meira til þess að heilsan njóti vafans. Því að þarna eru augljóslega á ferðinni einkenni sem kunna að leiða okkur í þá átt að vera með harðari löggjöf og stífari mörk utan um þessa starfsemi.“

Alma Möller landlæknir og Helga Vala Helgadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis, voru í viðtali í Kastljósi RÚV 30. september síðastliðinn. Helga Vala sagði þar að það væri ekki nikótín í rafrettum sem skaðaði lungu fólks, heldur væri það gufan úr rafrettunum. Rétt er að halda því til haga að engar vísindalegar staðfestingar hafa fengist á því að gufa úr rafrettuvökva, sem hlotið hefur tilskilin leyfi og er undir opinberu eftirliti, hafi valdið slíkum veikindum.

Landlæknir sagði í sama viðtali að hún hefði lagt til þrennt til við ráðherra; að eftirlit með núverandi löggjöf yrði hert, að bragðbættir rafrettuvökvar yrðu bannaðir og að merkingar á rafrettum yrðu bættar. Landlæknir vísaði meðal annars til niðurstaðna könnunar, sem sýnir að 15% tíundubekkinga, þ.e. 15-16 ára barna, noti rafrettur.

Sú niðurstaða er áhyggjuefni, en ljóst má vera að ungmenni nálgist rafrettur og tengdar vörur með ólögmætum hætti. FA tekur því undir það með landlækni að gott eftirlit með því að farið sé að lögum sé nauðsynlegt.

Lög um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur tóku gildi 1. mars 2019 og var lagasetningin liður í því að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum. Við samningu frumvarpsins var m.a. litið til löggjafar annarra norrænna ríkja og Bretlands. Í 1. mgr. 7. gr. laganna er blátt bann lagt við því að selja rafrettur eða áfyllingar til einstaklinga undir 18 ára aldri. Í 2. mgr. 5. gr. er síðan kveðið á um að óheimilt sé að hafa á umbúðum rafrettna eða áfyllinga texta eða myndmál sem geti höfðað sérstaklega til barna eða ungmenna, m.a. með myndskreytingum eða slagorðum, og þannig hvatt til notkunar rafrettna. Þá er einnig óheimilt að auglýsa rafrettur og vökva, sbr. 11. gr. laganna.

Að mati landlæknis er réttast að banna veipvökva með einkennandi bragðefnum. Slíkt hefur þó ekkert með heilsuvernd að gera og kemur heldur ekki í veg fyrir að einstaklingar verði sér úti um slíka vökva. Ef bragðbættir veipvökvar verða bannaðir er hætt við því að einstaklingar, þar með talin börn og unglingar, nálgist með ólögmetum hætti slíka vökva, sem falla þá ekki undir opinbert eftirlit. Bragðbættir vökvar sem búið er að smygla inn til landsins lúta ekki lögum um rafrettur og munu þ.a.l. lagalegar takmarkanir ekki koma í veg fyrir að óprútttnir aðilar afhendi börnum og ungmennum bragðbætta vökva. Afleiðingarnar gætu orðið þveröfugar við það sem ætlunin er.

Fæst því ekki séð hvernig hert löggjöf kemur í veg fyrir aukna notkun ungmenna á rafrettum þegar sala til ungmenna er þegar bönnuð og auglýsingar óheimilar. Þess í stað ætti, að mati Félags atvinnurekenda, að auka fræðslu og eftirlit með rafrettum til þess að koma í veg fyrir að rafrettur og vökvar sem hafa ekki hlotið tilskilin leyfi, séu seld á svörtum markaði.

Heilbrigðisráðherra hefur sett reglugerð nr. 255/2019, sem sett er með stoð í 16. gr. laga nr. 87/2018. Reglugerðin kveður á um aðvörunarmerkingar á rafrettum og tengdum vörum sem innihalda nikótín, sem taka mið af áðurnefndri Evrópulöggjöf. Vandséð er hvernig hægt er að bæta við merkingum um mögulega skaðsemi vara, sem falla undir skilyrði laganna um innihald og eftirlit, án þess að nokkrar vísindalegar vísbendingar liggja fyrir um að vörunar séu í raun hættulegar heilsu fólks.

III


Rafrettur eru hugsaðar sem hjálpartæki fyrir þá sem vilja hætta að reykja og hafa sem slíkar verið gífurlega árangursríkar. Sífelld fleiri ná að venja sig af tóbaksreykingum með því að nota rafrettur enda sýna rannsóknir að tóbaksreykingar eru margfalt óhollari og hættulegri valkostur en notkun rafrettna. Sem dæmi má benda á að í Bandaríkjunum eru 34,4 milljónir tóbaksreykingamanna en árlega látast um 480.000 manns af völdum reykinga í Bandaríkjunum. Það eru um 1.300 dauðsföll á dag.³ Í dag nota um 11 milljónir Bandaríkjamanna rafrettur. Flest bendir til að þeir 12, sem taldir eru hafa látist eftir notkun rafrettna, hafi notað ólöglega vökva sem keyptir voru á svörtum markaði.

Líkt og landlæknir benti á í viðtali í Kastljósi eru rafrettur mun hættuminni valkostur en tóbaksreykingar að því gefnu að keyptir séu vökvar og tæki sem lúta eftirliti stjórnvalda og uppfylla strangar gæðakröfur. Í gildi er strangt regluverk um rafrettur og tengdar vörur til að tryggja gæði og öryggi varanna og að börn undir lögaldri geti ekki keypt þær. Félag atvinnurekenda leggur áherslu á að stjórnvöld taki ekki nýjar, íþyngjandi ákvarðanir um viðskipti með rafrettur og tengdar vörur nema á grunni haldbærra og sannreyndra upplýsinga. Heillavænlegast væri að heilbrigðisráðherra biði með að hafa í einhverju óðagoti frumkvæði að „harðari löggjöf og stífari mörkum“ fyrr en öll kurl eru komin til grafar hvað varðar

³ https://www.cdc.gov/tobacco/data_statistics/fact_sheets/health_effects/tobacco_related_mortality/index.htm

lungnasjúkdómafaraaldurinn í Bandaríkjunum. Félag atvinnurekenda er reiðubúið til viðræðna við heilbrigðisráðuneytið um útfærslu á eftirliti með rafrettum og varningi tengdum þeim.

Virðingarfyllt
f.h. Félags atvinnurekenda



Jónatan Hróbjartsson lögfr.